

Áætlun um rekstrarstöðvun

Áætlunin er í samræmi við gr. 1.5 í útgefnu leyfi.

Rekstrarstöðvun á starfsemi Háskóla Íslands með erfðabreyttar örverur í rannsóknastofu í sameindalíffræði, Öskju getur komið til af ýmsum ástæðum t.d. vegna loka verkefnis, ákvörðunar yfirvalda (vegna hugsanlegs missis leyfis), ákvarðana um breytta notkun húsnæðis eða vegna óskilgreinds tjóns.

Við varanlega rekstrarstöðvun verður erfðabreyttum lífverum eytt með dauðhreinsun (þar með talin úrgangur), nema leyfi hafi verið fengið fyrir starfsemi með lífverurnar í öðru rannsóknarhúsnæði. Að auki verða tæki og aðstaða sem hafa komið í snertingu við erfðabreyttar lífverur þvegin með dauðhreinsandi efni.

Við tilfallandi rekstrarstöðvun má geyma erfðabreyttar lífverur í rannsóknarhúsnæðinu í viðeigandi kæli-/frystigeymslum. Aðgangur utanaðkomandi aðila á að vera takmarkaður á sama hátt og þegar rekstur er í gangi.

Rekstrarstöðvun á að tilkynna til Umhverfisstofnunar með minnst mánaðar fyrirvara ((Gottskálk Friðgeirsson, sími 591 2000).